

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 50/2002/EB

2003/EES/49/33

frá 7. desember 2001

um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins um að hvetja til samstarfs milli aðildarríkja til að berjast gegn félagslegri útskúfun (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

stjórnin lýstu yfir sameiginlega 7. desember árið 2000.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum annarri og þriðju undirgrein 2. mgr. 137. gr.,

- 3) Í tilmælum sínum 92/441/EBE ⁽⁶⁾ leggur ráðið til að aðildarríkin viðurkenni grundvallarrétt einstaklinga til að fá nægilegar tekjur og félagslega aðstoð til að geta lifað mannsæmandi lífi. Í tilmælum sínum 92/442/EBE ⁽⁷⁾ leggur ráðið til að aðildarríkin tryggi grunntekjur sem geri það mögulegt að lifa mannsæmandi lífi. Í niðurstöðum sínum frá 17. desember 1999 ⁽⁸⁾ skuldbindur ráðið sig til að stuðla að félagslegri aðlögun, sem einu af markmiðunum með nútímavæðingu, og umbótum á félagslegum verndarkerfum.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

- 4) Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndin og svæðanefndin hafa hvatt bandalagið til að auka framlag sitt til átaks í aðildarríkjunum til að koma í veg fyrir og berjast gegn félagslegri útskúfun.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. í sáttmálanum ⁽⁴⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. september 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. gr. sáttmálans er það eitt af hlutverkum bandalagsins að stuðla að háu atvinnustigi og félagslegri vernd og bæta lífsgæði og auka lífsgæði og efnahagslega og félagslega samheldni í bandalaginu.
- 2) Samkvæmt 136. gr. sáttmálans skulu bandalagið og aðildarríkin hafa það að markmiði að berjast gegn útskúfun, að teknu tilliti til pólitískra grundvallarreglna, svo sem þeirra reglna sem eru settar fram í félagsmálasáttmála Evrópu, sem var undirritaður í Torino 18. október 1961, til endurskoðaðs félagsmálasáttmála Evrópuráðsins (1996), einkum 30. gr. um rétt til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun, og stofnskrár bandalagsins frá 1989 um félagsleg grundvallarréttindi launþega og einnig með í huga réttindi og grundvallarreglur, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ⁽⁵⁾, sem Evrópuþingið, ráðið og framkvæmda-

- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 2000 „Uppbygging Evrópu fyrir alla“ er viðfangsefninu félagslegri útskúfun og fátækt lýst, svo og viðbrögðum stjórnvalda í aðildarríkjunum og á vettvangi bandalagsins, og á þeim grundvelli var lagt til að nýjum hvata yrði veitt inn í samstarf Evrópusambandsins á þessu sviði.
- 6) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 komst leiðtoga ráðið að þeirri niðurstöðu að hluti af heildarstarfsáætlun Evrópusambandsins væri að efla félagslega aðlögun til að ná þeim markmiðum starfsáætlunar fyrir næsta áratug að verða samkeppnishæfasta og öflugasta efnahagsumhverfi í heiminum, grundvallað á þekkingu, með möguleika á sjálfbærum hagvexti, fleiri og betri störfum og aukinni félagslegri samheldni.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 130 og Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 229.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 14, 16.1.2001, bls. 69.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 144, 16.5.2001, bls. 52.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. nóvember 2000 (Stjtið. EB C 223, 8.8.2001, bls. 284), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 93, 23.3.2001, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. maí 2001. Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 og ákvörðun ráðsins frá 21. nóvember 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

7) Á fyrirnefndum fundi í Lissabon komst leiðtoga ráðið að þeirri niðurstöðu að óviðunandi væri hve margt fólk væri undir fátæktarmörkum og byggji við

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 46.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 49.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 8, 12.1.2000, bls. 7.

- félagslega útskúfun í Evrópusambandinu, og taldi nauðsynlegt að hafa afgerandi áhrif í þá veru að útrýma fátækt með því að setja hæfileg markmið. Slík markmið samþykkti leiðtoga ráðið á fundi í Nice 7., 8. og 9. desember árið 2000.
- 8) Á fundinum í Lissabon viðurkenndi leiðtoga ráðið enn fremur að hið nýja samfélag, sem grundvallast á þekkingu, veiti möguleika á því að draga úr félagslegri útskúfun, bæði með því að skapa efnahagsskiilyrði fyrir aukinni velmegun með hærri hagvaxtarstigi og hærri atvinnustigi og með því að bjóða nýjar leiðir til þátttöku í samfélaginu. Um leið hefur það í för með sér hættu á sívaxandi bili á milli þeirra sem hafa aðgang að nýrri þekkingu og hinna sem hafa það ekki. Leiðtoga ráðið viðurkenndi að marka skuli stefnu á þann hátt að sneiða hjá áhættu og nýta til fulls þessa nýju möguleika og að besta tryggingin gegn félagslegri útskúfun væri að fá starf.
- 9) Leiðtoga ráðið var enn fremur sammála um að stefnumörkun til að berjast gegn félagslegri útskúfun skyldi byggjast á opinni samræmingaraðferð sem sameinar innlendar aðgerðaáætlanir og frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar til samvinnu.
- 10) Markmiðið með frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, sem felst í tillögu að aðgerðaáætlun til marga ára, sem hefur þann tilgang að hvetja til samvinnu milli aðildarríkjanna, skal vera að auka þekkingu, þróa upplýsingaskipti og bestu framkvæmd og leggja mat á reynslu með það fyrir augun að ná fram árangursríkri og skilvirkri stefnu í baráttunni gegn útskúfun.
- 11) Nota má samhæfðar kannanir og greiningar og athugun á almennt viðurkenndum vísbendum um gæði og magn sem grundvöll að þróun opnu samræmingaraðferðarinnar.
- 12) Í baráttunni gegn félagslegri útskúfun og fátækt verður að gera þá kröfu að allir geti fengið góða vinnu og að aðgangur að fjármagni, réttindum, vörum og þjónustu sé bættrur.
- 13) Ráðstafanir til að berjast gegn félagslegri útskúfun skulu miða að því að gera öllum kleift að sjá fyrir sér sjálfir með launaðri vinnu eða á annan hátt og að samlagast samfélaginu.
- 14) Nefndin um félagslega vernd, sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 2000/436/EB ⁽¹⁾ til að auka samvinnu milli aðildarríkjanna við stefnumörkun að því er varðar félagslega vernd, stuðlar að þróun og kerfisbundinni eftirfylgni aðgerðar sem miðar að því að nútímavæða félagslega vernd og stuðla að félagslegri aðlögun í samræmi við ályktanir forseta fundar leiðtoga ráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 og í Feira 19. og 20. júní 2000.
- 15) Mörg frjáls félagasamtök á ýmsum þrepum (staðbundin og svæðisbundin samtök, landssamtök og evrópsk samtök) hafa reynslu og sérþekkingu í því að berjast gegn félagslegri útskúfun og í því að vera í forsvari fyrir fólk sem verður fyrir félagslegri útskúfun á evrópskum vettvangi. Staðar- og svæðis-yfirvöld hafa einnig reynslu og þekkingu á þessu sviði. Frjáls félagasamtök, aðilar vinnumarkaðarins og staðar- og svæðis-yfirvöld geta því lagt mikið af mörkum á evrópskum vettvangi til skilnings á félagslegri útskúfun í ýmsum myndum og afleiðingum hennar og til að tryggja að við gerð, framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar sé tekið tillit til reynslu fólks sem verður fyrir félagslegri útskúfun.
- 16) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.
- 17) Nauðsynlegt er, til að auka ávinning af aðgerðum bandalagsins, að framkvæmdastjórnin tryggi í samstarfi við aðildarríkin að aðgerðir á öllum stigum, innan ramma þessarar ákvörðunar, séu í réttu samhengi við og til fyllingar öðrum viðeigandi gerningum, stefnumálum og aðgerðum bandalagsins, einkum innan ramma þróunarsjóðanna.
- 18) Gefa skal félagslegri útskúfun sérstakan gaum í tengslum við fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins.
- 19) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er kveðið á um nánari samvinnu á sviði félagsmála á milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra landa innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA-rikin innan EES) hins vegar. Gera ætti löndum í Mið- og Austur-Evrópu, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, kleift að taka þátt í áætluninni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða, svo og Kýpur, Möltu og Tyrklandi en þátttaka þeirra skal fjármögnuð með aukafjárveitingu og samkvæmt málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.
- 20) Við framkvæmd þessarar áætlunar verður athyglinni sérstaklega beint að starfi annarra alþjóðastofnana, einkum Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Evrópuráðsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 172, 12.7.2000, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 21) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga⁽¹⁾. Sá fjárhagsrammi, sem lagður er til í áætluninni, er í samræmi við núverandi fjárhagsáætlun.
- 22) Jafnrétti kynjanna er mikilvægt almennt málefni sem hefur mikil áhrif á orsakir og afleiðingar útskúfunar. Auk þess er það eitt af hlutverkum bandalagsins, skv. 2. og 3. gr. sáttmálans, að útrýma misrétti og stuðla að jafnrétti karla og kvenna og ber að stefna að því í allri starfsemi þess.
- 23) Nauðsynlegt er að fylgjast með og meta framkvæmd áætlunarinnar til að ganga úr skugga um að markmið hennar náist.
- 24) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel fram þeim markmiðum um fyrirhugaða aðgerð er varðar framlag bandalagsins til baráttunnar gegn félagslegri útskúfun, að hluta til vegna þess að það útheimtir samstarf margra landa, upplýsingaskipti milli landa og miðlun góðra starfsvenja í öllu bandalaginu, og markmiðunum verður því, vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er með þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANÐI:

1. gr.

Áætluninni komið á fót

Samþykkja skal áætlun um aðgerðir bandalagsins til að hvetja til samstarfs á milli aðildarríkjanna með það fyrir augum að berjast gegn félagslegri útskúfun, hér á eftir nefnd „áætlunin“, fyrir tímabilið 1. janúar 2002 til 31. desember 2006.

2. gr.

Meginreglur

1. Áætlunin er hluti af opinni aðferð til samræmingar á milli aðildarríkjanna til að setja aukinn kraft í að útrýma félagslegri útskúfun og fátækt með því að setja hæfileg markmið í bandalaginu og með framkvæmd innlendra áætlana.
2. Áætlunin og innlendar aðgerðaáætlanir eiga að stuðla að auknum skilningi á félagslegri útskúfun, að samþættingu baráttunnar gegn útskúfun í aðildarríkjunum og stefnu og

ráðstöfunum bandalagsins og því að unnið verði að forgangsaðgerðum, sem aðildarríkin velja, í samræmi við séraðstæður í hverju ríki.

3. Við þróun, framkvæmd og eftirfylgni allrar starfsemi samkvæmt áætluninni skal taka tillit til reynslu aðildarríkjanna á öllum stigum, sem um er að ræða, og reynslu þess fólks, sem býr við félagslega útskúfun og fátækt, og einnig til aðila vinnumarkaðarins, frjálsra félagasamtaka og samtaka sjálfboðaliða, aðila sem veita félagslega þjónustu og annarra þeirra sem taka þátt í baráttunni gegn félagslegri útskúfun og fátækt.

3. gr.

Markmið

Að því er varðar opnu samræmingaraðferðina, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skal áætlunin styðja við samvinnu sem gerir bandalaginu og aðildarríkjunum kleift að auka árangur og skilvirkni þeirrar stefnu að berjast gegn félagslegri útskúfun með því að:

- a) auka skilning á félagslegri útskúfun og fátækt, einkum með hjálp samanburðarhæfra vísbenda;
- b) koma á skoðanaskiptum um stefnuna sem er framfylgt og gagnkvæmri miðlun reynslu, m.a. í tengslum við innlendar aðgerðaáætlanir, einkum með aðstoð samanburðarhæfra vísbenda;
- c) auka getu virkra þátttakenda til að takast á við félagslega útskúfun og fátækt á skilvirkan hátt og styðja við nýjungar, einkum með netsamstarfi innan Evrópu, og ýta undir skoðanaskipti allra sem hlut eiga að máli, einnig innan einstakra landa og svæða.

4. gr.

Aðgerðir bandalagsins

1. Með það fyrir augum að ná markmiðunum, sem um getur í 3. gr., er heimilt að hefja eftirfarandi bandalagsaðgerðir innan fjölbjóðlegs ramma:

- a) greiningu á eiginleikum, orsökum, ferli og horfum að því er varðar félagslega útskúfun, þ.m.t. söfnun tölulegra upplýsinga um hin ýmsu form félagslegrar útskúfunar í því augnamiði að bera þessi gögn saman, athugun á vísbendum fyrir magn og gæði, þróun sameiginlegrar aðferðafræði og þemarannsóknir;
- b) skipti á upplýsingum og miðlun bestu starfsvenja sem ýtir undir þróun vísbenda fyrir magn og gæði, sem grundvallast á þeim markmiðum, sem Evrópuþingið og ráðið hafa orðið sammála um, matsreglum og viðmiðunum ásamt eftirliti, mati og jafningjaryni;
- c) að stuðla að skoðanaskiptum hinna ýmsu þátttakenda og styðja netsamstarf innan Evrópu milli stofnana sem eru virkar í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útskúfun, einkum frjálsra félagasamtaka.

2. Í viðaukanum er sett fram með hvaða hætti ber að hrinda aðgerðunum, sem er lýst í 1. mgr., í framkvæmd.

(1) Stjótd. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

5. gr.

Framkvæmd og samstarf við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal:

- a) tryggja framkvæmd aðgerða bandalagsins sem falla undir þessa áætlun;
- b) skiptast reglulega á skoðunum við fulltrúa frjálsra félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi bandalagsins um gerð, framkvæmd og um eftirfylgni áætlunarinnar og skyld stefnumið. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin veita frjálsum félagasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins aðgang að viðeigandi upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem komið var á fót skv. 8. gr., um þessi sjónarmið;
- c) stuðla að virkri samvinnu og skoðanaskiptum milli allra þeirra sem taka þátt í áætluninni til að hvetja til þess að leitað verði leiða til þess að berjast gegn félagslegri útskúfun og fátækt sem eru í senn samþættar og samræmdar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

- a) stuðla að þátttöku allra hlutaðeigandi aðila í áætluninni;
- b) tryggja að niðurstöður aðgerða bandalagsins, sem falla undir áætlunina, verði breiddar út;
- c) tryggja viðeigandi upplýsingar og kynningu á aðgerðum bandalagsins sem eru styrktar samkvæmt þessari áætlun og að þeim verði fylgt eftir.

6. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd þessarar áætlunar, á því tímabili sem um getur í 1. gr., er hér með fastsettur við 75 milljón evrur, og er þá tækni- og stjórnunarkostnaður innifalinn.

2. Árlegar fjárveitingar, þ.m.t. þær sem tengjast mannauði, skulu heimilaðar af fjárveitingavaldi og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau mál-efni sem um getur hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

- a) árlega framkvæmd aðgerða bandalagsins sem áætlunin tekur til og árlega starfsáætlun;
- b) skiptingu sjóðanna á milli hinna ýmsu flokka aðgerðarinnar;
- c) fyrirkomulag á vali aðgerða og stofnunarum sem taka við bandalagsstuðningi;
- d) viðmiðanir fyrir mat á áætluninni, þ.m.t. þær sem tengjast kostnaðarhagkvæmni, og fyrirkomulag á útbreiðslu og yfirfærslu niðurstaðna.

2. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar öll önnur mál-efni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 8. gr.

8. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468, skal vera tveir mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

Samstarf við aðrar nefndir og tenging við nefndina um félagslega vernd

1. Til að tryggja að þessi áætlun sé í samræmi við og til fyllingar öðrum ráðstöfunum, sem um getur í 10. gr., skal framkvæmdastjórnin gefa nefndinni upplýsingar reglulega um aðrar aðgerðir bandalagsins sem styðja baráttuna gegn félagslegri útskúfun. Framkvæmdastjórnin skal, eftir atvikum, koma á reglulegu og skipulögðu samstarfi milli nefndarinnar og eftirlitsnefndanna sem er komið á fót með tilliti til annarra viðkomandi stefnumiða, gerninga og aðgerða.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á nauðsynlegum tengslum við nefndina um félagslega vernd innan ramma þeirra aðgerða bandalagsins sem um getur í þessari ákvörðun.

10. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, tryggja heildarsamræmi við önnur stefnumið, gerninga og aðgerðir bandalagsins, einkum með því að koma á viðeigandi fyrirkomulagi til þess að samræma aðgerðir samkvæmt þessari áætlun og aðgerðir sem varða rannsóknir, atvinnumál, stefnu í efnahagsmálum, iðnaðar- og fyrirtækjastefnu, bann við mismunun, innflytjendur, jafnrétti karla og kvenna, félagslega vernd, menntun, starfsþjálfun og æskulýðsmál, heilsufar og einnig á sviði stækkunar bandalagsins og samskipta þess við þriðju lönd.

2. Aðildarríkin skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari áætlun séu í samræmi við og til fyllingar aðgerðum á landsvísi og svæðis- og staðbundnum aðgerðum.

3. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að aðgerðir samkvæmt þessari áætlun séu í samræmi við og til fyllingar aðgerðum á sviði atvinnumála og einnig aðgerðum bandalagsins innan ramma þróunarsjóðanna, einkum framtaksverkefni bandalagsins EQUAL.

*11. gr.***Þátttaka EFTA-rikkjanna innan EES, samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu, Kýpur, Möltu og Tyrklands**

Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- EFTA-rikkjunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- Kýpur, Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við hvert land.

*12. gr.***Eftirlit og mat**

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með þessari áætlun í samstarfi við aðildarríkin og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um heildar-samhengi stefnunnar að því er varðar félagslega samheldni, þ.m.t. framfarir sem hafa orðið innan ramma þessarar áætlunar, í árlegri yfirlitsskýrslu til vorfundar leiðtogaráðsins sem Evrópuþingið mun láta í ljós álit sitt á þegar þar að kemur.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á áætlunina í lok þriðja árs og við lok hennar og njóta við það aðstoðar óháðra sérfræðinga. Þetta er gert til að meta gildi, skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni aðgerða sem eru framkvæmdar með tilliti til markmiðanna sem um getur í 3. gr. Matið skal einnig ná til áhrifa áætlunarinnar í heild. Í matinu verður einnig kannað hvort aðgerðir samkvæmt áætluninni komi til fyllingar aðgerðum samkvæmt öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum bandalagsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja lokaskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina eigi síðar en 31. desember 2006.

*13. gr.***Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 7. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. DURANT

forseti.

VIÐAUKI

VÍSSENDINGAR FYRIR FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

1. Aðgerðarflokkar

Með það fyrir augum að ná markmiðunum, sem um getur í 3. gr., og framkvæma þær bandalagsaðgerðir, sem um getur í 4. gr., er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir innan fjölþjóðlegs ramma:

1. flokkur: Greining á eiginleikum, ferli, orsökum og horfum að því er varðar félagslega útskýfun

Til að auka skilning á því hvað félagsleg útskýfun er má styðja eftirfarandi ráðstafanir:

- 1.1. Að láta fara fram rannsóknir og fundi um þróun almennrar aðferðafræði til að mæla og skilja félagslega útskýfun og fátækt, hve víðtæk hún er, hver einkenni hennar eru, ferli, orsakir og horfur, svo og tæknilega vinnu við vísbenda.
- 1.2. Að safna og dreifa tölulegum upplýsingum, í aðildarríkjunum og á vettvangi bandalagsins, um mismunandi tegundir félagslegrar útskýfunar með skilvirkan samburð slíkra gagna að leiðarljósi. Þessari ráðstöfun er ætlað að stuðla að samstarfi á milli hagstofa einstakra landa og framkvæmdastjórnarinnar og bæta tölfræðilegan viðmiðunargrunn í bandalaginu og framlag þeirra til greiningar á félagslegri útskýfun og fátækt.
- 1.3. Að stuðla að nýjum aðferðum og þróun þemarannsókna til að auka skilning á félagslegri útskýfun og að taka fyrir sameiginleg mál sem tengjast þróun stefnumörkunar í aðildarríkjunum, þ.m.t. ný mál sem koma fram í tengslum við þekkingarsamfélagið.

Nauðsynlegt er að endurspegla reynslu þeirra einstaklinga sem standa andspænis félagslegri útskýfun og fátækt og nýta allar leiðir til að afla víðeigandi upplýsinga um félagslega útskýfun og fátækt, þ.m.t. upplýsingar frá frjálsum félagasamtökum.

Við greiningu á félagslegri útskýfun og fátækt er sérstakri athygli beint að því hve margþætt vandamálið er og að hinum margbreytilegu aðstæðum viðkomandi félagslegra hópa, þ.m.t. fátækt barna, og að tilteknum svæðum þar sem hætta er á félagslegri útskýfun.

2. flokkur: Samvinna um stefnumótun, upplýsingaskipti og bestu starfsvenjur

Með það fyrir augum að stuðla að samvinnu um stefnumótun og miðla reynslu í tengslum við innlendar aðgerðaáætlanir má styðja eftirfarandi starfsemi milli landa:

- 2.1. Millilandasamstarf sem miðar að því að miðla upplýsingum og góðum starfsvenjum og hvetja til jafningjarýni með fundum, vinnufundum og málstofum um viðmiðanir eða um pólitíska stefnu og starfsvenjur eða annars konar samstarf, svo sem sameiginlega stefnumótun og sameiginlega dreifingu upplýsinga, vettvangsvitjanir og skipti á starfsfólki o.s.frv., skipulagt annaðhvort að frumkvæði aðildarríkjanna og/eða annarra aðila, sem gegna lykilhlutverki með virkri þátttöku aðildarríkjanna, eða að frumkvæði evrópskra samtaka. Í þessum flokki er einnig hægt að styðja samstarf athugunarstöðva eða svipaðra viðurkenndra stofnana milli landa.
- 2.2. Sérfræðingavinnu og tæknilegar rannsóknir í tengslum við þróun vísbenda og viðmiðana, þ.m.t. að því er varðar þekkingarsamfélagið.
- 2.3. Ársskýrslu um félagslega útskýfun sem skal sýna stöðu þeirra aðgerða, einkum innlendra aðgerðaáætlana, sem eru framkvæmdar í þeim stefnumálum og á þeim sviðum sem mestu máli skipta í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útskýfun.

Með það í huga að félagsleg útskýfun er margþætt fyrirbæri skal gæta sérstaklega að því hvernig stefnumótun þróast að því er varðar félagslega útskýfun, atvinnumál, menntun og starfsþjálfun og heilbrigði og húsnæði.

3. flokkur: Þátttaka ólíkra aðila og stuðningur við netsamstarf innan Evrópu

Til að stuðla að skoðanaskiptum allra virka aðila sem málið varðar má styðja eftirfarandi ráðstafanir:

- 3.1. Grunnfjármögnun fyrir mikilvægustu evrópsku netin sem notuð eru í baráttunni gegn fátækt og félagslegri útskýfun; efri mörk skulu vera á grunnfjármögnun, þ.e. 90% af þeim útgjöldum sem eru stuðningshæf. Ekki má fara upp í þessi efri mörk nema í undantekningartilvikum.
- 3.2. Árlegar hringborðsumræður innan Evrópusambandsins um félagslega útskýfun. Ráðstefnan skal skipulögð í nánú samráði við formennskuríki ráðs Evrópusambandsins og undirbúin í samráði við alla þá sem að málinu koma, m.a. fulltrúa vinnumarkaðarins, fulltrúa frjálsra félagasamtaka með reynslu á þessu sviði og fulltrúa Evrópuþingsins, ráðsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svo og svæðanefndarinnar.

2. Aðild að áætluninni

Allir opinberir aðilar og/eða einkaaðilar, virkir þátttakendur og stofnanir, sem eiga hlut að baráttunni gegn félagslegri útskúfun skulu eiga þess kost að fá aðild að þessari áætlun með þeim skilyrðum og samkvæmt því fyrirkomulagi við framkvæmdina sem eru tilgreind í viðaukanum, einkum:

- a) aðildarríki,
- b) staðar- og svæðisfyrirvöld,
- c) aðilar sem bera ábyrgð á því að berjast gegn félagslegri útskúfun,
- d) aðilar vinnumarkaðarins,
- e) aðilar sem veita félagslega þjónustu,
- f) frjáls félagasamtök,
- g) háskólar og rannsóknarstofnanir,
- h) hagstofur einstakra aðildarríkja,
- i) fjölmiðlar.

3. Almenn umfjöllun

Í áætluninni skal tekið tillit til niðurstaðna undirbúningsaðgerða og starfsemi samkvæmt öðrum viðeigandi stefnumiðum bandalagsins, gerningum og aðgerðum.

Við þróun, framkvæmd og eftirfylgni og mat á starfsemi samkvæmt áætluninni skal taka tillit til reynslu þess fólks sem býr við félagslega útskúfun og fátækt og einnig reynslu aðila vinnumarkaðarins, frjálsra félagasamtaka og annarra aðila sem taka þátt í baráttunni gegn félagslegri útskúfun og fátækt. Í öllum aðgerðum áætlunarinnar skal virða meginregluna um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

4. Aðferð við að leggja fram umsóknir um stuðning

1. flokkur: Ráðstafanir, sem falla undir þennan flokk, eru oftast gerðar með útboði. Málsmeðferð Hagstofu Evrópubandalaganna gildir fyrir samstarf við hagstofur einstakra aðildarríkja.

2. flokkur: Aðgerðir, sem falla undir flokk 2.1, skal helst framkvæma eftir árlega auglýsingu eftir tillögum (framkvæmdastjórnin gæti sjálf skipulagt suma fundi um stefnumótun eða námskeið). Í tillögum þarf að geta um stofnanir, virka þátttakendur og stofnanir frá a.m.k. þremur aðildarríkjum og geta aðildarríkin og/eða aðilar, sem gegna lykilhlutverki með virkri þátttöku aðildarríkjanna, eða evrópsk samtök, lagt þær fyrir framkvæmdastjórnina. Í flokki 2.2 og 2.3 er gerð krafa um sérstaka útboðsauglýsingu.

3. flokkur: Í flokki 3.1 er hægt að veita stuðning við evrópskt netsamstarf sem uppfyllir viðmiðanir sem framkvæmdastjórnin setur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Styðja má aðgerðir í flokki 3.2 að fenginni umsókn um styrk frá aðildarríkjum.

5. Framkvæmd starfseminnar

Unnt er að fjármagna fyrirhugaða starfsemi með þjónustusamningum að undangengnu útboði eða með styrkjum sem eru hluti sameiginlegrar fjármögnunar með öðrum aðilum. Í síðarnefnda tilvikinu er almenna reglan sú að fjárhagsaðstoð framkvæmdastjórnarinnar fari ekki yfir 80% af raunútgjöldum styrkþegans.

Meðan á framkvæmd áætlunarinnar stendur getur framkvæmdastjórnin þurft á viðbótarfé að halda, m.a. fé til sérfræðinga. Slik þörf verður ákveðin í tengslum við yfirstandandi mat framkvæmdastjórnarinnar á úthlutun fjármagns.

Meðan á framkvæmd áætlunarinnar stendur getur framkvæmdastjórnin notið tækni- og/eða stjórnsýslu- aðstoðar (ákvörðun, undirbúningur, rekstur, vöktun, endurskoðun og eftirlit) sem kemur bæði framkvæmdastjórninni og styrkþegum til góða.

Framkvæmdastjórnin getur einnig skipulagt starfsemi í tengslum við upplýsingar, birtingu og útbreiðslu. Henni er og heimilt að gera matsrannsóknir og skipuleggja málstofur, málþing eða aðra fundi sérfræðinga.

Í allri starfsemi verður meginreglan um gagnavernd virt í hvívetna.